

Nr. 046 / 16 Arnar VE 38**Vélavana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6865
Smíðaður: Reykjavík 1980, Trefjaplast
Stærð: 6,84 brl. 6,42 bt.
Mesta lengd: 8,55 m Skráð lengd: 8,45 m
Breidd: 2,9 m Dýpt: 1,47 m
Vél: Volvo Penta 119 kW, árg.:1994
Fjöldi skipverja: 1



Arnar© NN

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 17. október 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 1. júní 2016 var Arnar VE 38 á strandveiðum á Vestfjarðarmiðum. Veður: V 3 - 4 m/sek.

Á veiðunum bilaði vél bátsins og óskað var eftir aðstoð. Svana SH-234 dró bátinn til hafnar á Patreksfirði.

Við rannsókn kom fram:

- að öll smurolían fór af vélinni og lak niður í kjöl og vélin bræddi úr sér;
- að vélin var síðast tekin upp í apríl;
- að ástæðan fyrir olíulekanum kom ekki ljós þrátt fyrir skoðun og vélin dæmd ónýt.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.